

Sb.

851. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning til templara í Reykjavík í sambandi við fundahúsbyggingu þeirra.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipun þriggja manna nefndar til að flýta fyrir því, að templarar í höfuðstaðnum geti reist, með riflegri aðstoð ríkis og bæjar, á heppilegum stað í bænum nauðsynleg húsakynni fyrir starfsemi goodtemplarareglunnar í Reykjavík.

Greinargerð.

Árið sem leið urðu tekjur ríkisins af áfengissölu um 27 milljónir króna. Einn dag fyrir jóli seldi ríkið áfengi í Reykjavík einni saman fyrir 360 þús. kr. Það er mis-skilningur, er menn halda, að ríkið ýti vini að mönnum. Ef ríkið hefur ekki nægilegt vín á boðstólum, byrjar heimabruggið. Nokkur hluti þjóðarinnar er mjög hneigður til áfengisnautnar, og hin mikla sala í höfuðstaðnum sýnir, að þjóðinni stafar mikill háski af vinnnautn nokkurs hluta bæjarhúsa. Tölurnar, sem segja frá eyðslunni vegna vínkaupa, eru ótvíræðar sannanir fyrir þeim þjóðarvoða, sem stafar af lítið heftri áfengisnotkun.

Félagsskapur templara er sterkasti skipulagsbundni félagsskapur, sem til er hér á landi móti áfengissýkinni. Mest reynir á templara hér í höfuðstaðnum, en þar hefur reglan mjög óhentuga aðstöðu um húsakost. Gamla templarahúsið var gott á sinni tíð, en er nú orðið margfaldlega of lítið og óhentugt fyrir margmennan félagsskap, auk þess sem ekki verður af skipulagsástæðum byggt þar, sem það hús er nú. Þá eiga templarar húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg. Það hús hefur reglan með miklum þegnskap lánað ríkisstjórninni fyrir mjög verulegan hluta af skrifstofum stjórnarráðsins, sem annars hefði hókstaflega verið á götunni. Það er mjög virðingarvert, að leiðtogar reglunnar hafa þannig greitt götu stjórnarvaldanna í nauðsynlegu máli. Mörgum þeirra mun einnig vera ljóst, að eldra umtali um, að ríkið fái húsið til varanlegra umráða vegna æðstu stjórnar landsins, er raunverulega frestað. Íslenska ríkið getur ekki komið hjá að eiga þennan stað, bæði vegna þarfa sinna á líðandi stund og þó einkum vegna framtíðarinnar. Templarar eiga skilið viðurkenningu þjóðfélagsins fyrir að geyma til afnota fyrir félagsskap sinn og fyrir ríkið þá húseign, sem öllum má vera sýnilegt, að þarf að vera ríkiseign á Íslandi.

Templarareglan þarf til viðbótar núverandi húseignum að reisa samkomuhús með 3—4 misstórum fundarsölum, veitingastað, lestrarsal og skrifstofum. Þetta hús verður að vera í miðbænum. Ríkið og Reykjavíkurbær verða að leggja til þessarar húshyggingar svo myndarlega fjárhæð, að þetta templarahús geti orðið með myndarlegustu byggingum í bænum. Það má ekki líta á meginstöðvar templara í höfuðstaðnum eins og venjulegt samkomuhús, miklu fremur hliðstætt skóla- og spítalabyggingu. Þegar bær með 40 þús. íbúum þarf áfengi á einum vetrardegi fyrir 360 þús. kr., þá er um að ræða áfengissýki, sem í eyðileggingu og skaðsemi er meira en sambærileg við berklaveikina. Vegna þess sjúkdóms hefur þjóðin reist mörg dýr og góð hús og eyðir stórfé til þeirra varna árlega. Sömu tókum verður að beita við áfengissýkina. Samkomuhús templara í Reykjavík á að verða á sínu sviði sambærilegt við Vífilsstaði eða Kristneshæli.

Áfengismálið í Reykjavík er svo aðkallandi um skynsamlega úrlausn, að ekki er unandi við aðgerðaleyfi forráðamanna ríkis og bæjar. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin leitist við, í samráði við bæjarstjórn Reykjavíkur, að fá skipaða þriggja manna nefnd ólaunaðra áhugamanna til að beita sér fyrir byggingu templarahallar í Reykjavík. Það þarf að finna heppilegan stað fyrir þetta framtíðarheimili templara í miðbænum. Sá staður mun vera auðfundinn og auðfenginn, ef forráðamenn bæjarins vilja hraða framkvæmdum í þessu efni. Góðtemplarareglan, Reykjavíkurbær og ríkið eiga að taka höndum saman til að reisa stórbyggingu vegna bindindisstarfseminnar í bænum. Það er af miklu að taka til nauðsynlegra framkvæmda í þessu efni, meðan áhugi og kaupgeta er svo mikil í landinu, að þjóðin leggur á sig fús og fríviljug nálega 30 milljóna aukaskatt til vínkaupa á tólf mánuðum.